

Ungmennaráð Árborgar

1. Stjórnskipuleg staða

1.1 Nafn ráðsins er Ungmennaráð Sveitarfélagsins Árborgar, hér eftir nefnt ungmennaráð. Heimili þess er Ráðhús Árborgar, Austurvegi 2, 800 Selfoss

1.2 Ráðið er skipað með vísan til 2. mgr. 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

2. Hlutverk og markmið

2.1. Markmið ungmennaráðs er að veita þeim sem eru 14 - 22 ára fræðslu og þjálfun í lýðræðislegum vinnubrögðum og skapa vettvang og leiðir til þess að gera þeim kleift að koma skoðunum sínum á framfæri við viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Einnig á ráðið að gæta hagsmuna ungmenna ásamt því að efla tengsl ungmenna í sveitarfélaginu og auka tengsl þeirra við stjórnkerfi sveitarfélagsins.

2.2. Hlutverk ungmennaráðs er m.a. að vera bæjarstjórn Árborgar til ráðgjafar um málefni ungs fólks í sveitarfélaginu. Bæjarstjórn Árborgar getur einnig falið ungmennaráðinu ákveðin verkefni eftir þörfum.

3. Skipan ráðsins

3.1. Fulltrúar í ungmennaráði þurfa að vera með lögheimili í Sveitarfélaginu Árborg sem eru 14-22 ára. Undanþágur fyrir einstaklinga sem eru í grunnskóla eða á annan hátt afar virkir í samfélaginu í Sveitarfélaginu Árborg en eru með lögheimili annars staðar.

3.2. Ungmennaráð Árborgar er skipað níu fulltrúum og fjórum til vara. Þeir sem eiga sæti í ráðinu eru:

Aðalfulltrúar:

- Þrjú fulltrúar frá grunnskólum Árborgar, situr í eitt ár. Einn úr hverjum grunnskóla.
- Einn fulltrúi úr ráðum tómstundahúsa Árborgar, situr eitt ár.
- Einn fulltrúi frá Ungmennafélagi Selfoss, situr tvö ár.
- Einn fulltrúi framhaldsskólanema, situr í eitt ár. Kosinn á ungmennafélagi að hausti ár hvert.

- Einn sameiginlegur fulltrúi frá ungliðahreyfingu skátanna, björgunarsveitanna og kirkjunnar, situr í tvö ár.
- Tveir fulltrúar kosnir á Ungmennahósti Árborgar ár hvert að haust, situr í eitt ár. Annar þeirra skal vera fulltrúi ungmenna á vinnumarkaði ef hægt er.

Varafulltrúar:

- Einn fulltrúi frá Ungmennafélagi Selfoss, situr tvö ár.
- Einn sameiginlegur fulltrúi frá ungliðahreyfingu skátanna, björgunarsveitanna og kirkjunnar, situr tvö ár.
- Tveir fulltrúar kosnir á Ungmennahósti Árborgar ár hvert að hausti. Annar þeirra skal vera fulltrúi framhaldsskólanema.

3.3. Fulltrúar í ungmennaráði skulu valdir fyrir Ungmennahósti Árborgar í janúar ár hvert og sitja þar til nýir fulltrúar eru valdir að ári. Bæjarstjórn skipar ungmennaráð formlega að fengnum tilnefningum hlutaðeigandi aðila skv. gr. 3.2.

4. Starfshættir

3.1 Frístunda- og forvarnarfulltrúi sveitarfélagsins skal vera starfsmaður ráðsins og er tengiliður ráðsins við bæjaryfirvöld. Hann tekur ekki frumkvæði, nema brýna nauðsyn krefji. Frístunda- og forvarnarfulltrúi starfar fyrst og fremst sem ráðgjafi og má því ekki hafa áhrif á starfsemi ráðsins. Hann sér um að koma samþykktum ráðsins til viðeigandi aðila hverju sinni og halda utan um fundargerðir ráðsins.

3.2 Ungmennaráð skal funda mánaðarlega frá janúar til maí og ágúst til desember í húsnæði Sveitarfélagsins Árborgar. Starfsmaður ráðsins boðar til fyrsta fundar eigi síðar en 31. janúar og á honum skal ákveða fundartíma. Starfsmaður ráðsins sér um að boða og undirbúa fundina, boða skal til fundar með dagskrá. Skyld er að boða til fundar ef meirihluti aðalmanna í ráðinu æskir þess.

3.3 Ungmennaráð skal eins og kostur er hafa frumkvæði að umfjöllun mála. Ráðið skal skipta með sér verkum. Fundi ráðið skal rituð fundargerð sem send skal bæjarstjórn. Fundargerð skal vera birt opinberlega á heimasíðusveitarfélagsins.

3.4 Ákvarðanir ungmennaráðs Árborgar taka formlega gildi við staðfestingu bæjarstjórnar. Ungmennaráð getur enga samþykkt eða ályktun gert nema meirihluti hennar sitji fund. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.

- 3.5. Ungmennaráð skal halda Ungmennafing á hvert,
- 3.6. Ungmennaráð skal funda með bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að hausti ár hvert og oftár ef þurfa þykir.
- 3.7. Fundir ráðsins skulu fylgja samþykkt sveitarfélagsins Árborgar um stjórn og fundarskóp.
- 3.8. Ungmennaráð skal um skrifa pistla um málefni ungmenna í staðarblöð sveitarfélagsins.